

## 12. gr.

13

3. febr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25—500 krónum.

Viðurlög við brotum á 2. gr. ferfaldast við hverja ítrekun brotsins upp í hámark sektar.

Sektarfé gangi til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

## 13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 3. febrúar 1939, og eru þá jafnframt fallnar úr gildi eldri fiskveiðasamþykktir fyrir Vestmannaeyjar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

**AUGLÝSING**

14

3. febr.

**um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.**

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 10. þessa mánaðar allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 10% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 24. nóvember 1938 um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bindindishöll Reykjavíkur, útgefin á 15 venjulegan hátt, ad mandatum 11. febrúar 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.**

11. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**  
fyrir Bindindishöll Reykjavíkur.

Vér undirritaðir, stofnendur Húsfélags bindindismanna gerum kunnugt, að vér með þessari skipulagsskrá stofnum Bindindishöll Reykjavíkur, sem er sjálfseignar-